

3. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 19. desember 2023

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit janúar-nóvember 2023
 - a. BG kynnti rekstraryfirlit fyrstu ellefu mánaða ársins 2023. Ákveðið var að boða úthlutunarnefnd og stjórnarformann Skálholtsstaðar á fund framkvæmdanefndar til frekari kynningar.
2. Framleigusamningur vegna Katrínartúns
 - a. BG gerði grein fyrir stöðu mála vegna framleigu á Katrínartúni 4 og hugsanlegt uppgjör við leigusala til að losna undan leigunni. Framkvæmdanefnd samþykkir tillögunni með þeim fyrirvara að tillagan verði samþykkt af fjárhagsnefnd. BG mun senda erindið til fjárhagsnefndar og var AG og EMS falið að kynna málið fyrir fjárhagsnefnd.
3. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar
 - a. BG kynnti tillögur að húsnæði undir Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Ákveðið að biðja eftir frekari tilboðum og ræða málið aftur í byrjun janúar.
4. Önnur mál
 - a. Á fundinn mættu Ragnhildur Ásgeirsdóttir fyrir hönd biskups og Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings.
 - b. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar voru aftur rædd. RV upplýsti að fulltrúar Grensáskirkju hefðu óskað eftir fund með framkvæmdanefnd. Ákveðið að boða sr. Þorvald Víðisson og fulltrúa sóknarnefndar á næsta fund.
 - c. Rætt var um stöðu á launum og var því fagnað að laun séu í samræmi við áætlun.
 - d. Rætt var um sóknargjöld og fjárhagsstöðu sókna.
 - e. RÁ kynnti niðurstöðu mannauðsmælinga og samhliða var rædd skýrsla starfshóps um vinnutíma- og bakvaktir og fyrirkomulag greiðslna fyrir tiltekin prestsverk.
 - f. DH upplýsti um bréf frá próföstum til kjörstjórnar varðandi kynningar kandiata. Er erindið í höndum kjörstjórnar.
 - g. DH upplýsti að unnið væri að úttekt varðandi skipanir í nefndir og ráð. Verður úttektin send á framkvæmdanefnd.

Næsti fundur ákveðinn 3. janúar 2024 kl. 9:00.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhliða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.